

## A 1720/kultur

<b>Flytjandi</b>	Flokkahópur miðjumanna
<b>Afgreiðsla</b>	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

**Þingmannatillaga  
um að afnema lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum****Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún afnemi lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum í stafrænni sjónvarpsþjónustu milli Norðurlandanna.

**Aðdragandi**

Aðgangur að sjónvarpsrásum grannríkjanna er mikilvægur fyrir sameiginlegan málskilning á Norðurlöndum. Sem betur fer eiga mjög margir Norðurlandabúar tök á að horfa á sjónvarpsrásir grannríkjanna og á þann hátt læra tungumál hvers annars.

Hins vegar er ekki lengur hægt að koma til móts við fjölmiðlavenjur íbúanna eingöngu með gamaldags línulegum sjónvarpsútsendingum. Notkun streymisþjónustu fer vaxandi og því verður lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum vandamál fyrir málskilning á Norðurlöndum í framtíðinni.

Norska sjónvarpsþáttaröðin SKAM er með miklum vinsældum sínum í einkum Danmörku og Svíþjóð gott dæmi um þau vandamál, sem hægt er að leysa með því að afnema lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum. Þar til norska sjónvarpsrásin NRK3 lokaði höfundarréttarvörðu efni eftir svæðum að kröfu réttindahafa tónlistarinnar í þáttaröðinni, fundu notendur leið að heimasíðunni í gegnum samfélagsmiðla.

SKAM fer ekki bara fram í vikulegum sjónvarpsþáttum, heldur líka í gegnum síður aðalpersónanna á ólíkum samfélagsmiðlum, SMS-samtölum og stuttum myndbandsbútum, sem eru settir jafnt og þétt á heimasíðuna í vikunni. Vandamálið með aðganginn að SKAM verður því ekki leyst með því að sjónvarpsstöðvar annarra landa kaupi þáttaröðina sem hefðbundna sjónvarpsþætti. Til þess að njóta þáttanna til fulls verður að hafa aðgang að heimasíðu norska ríkissjónvarpsins NRK [skam.p3.no](http://skam.p3.no).

Spurningin um afnám lokunar höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum er líka rædd á Evrópuþinginu og í framkvæmdastjórn ESB í tengslum við óskir um að koma á



stafrænum innri markaði. Flokkahópur miðjumanna óskar þess að Norðurlöndin fari í fararbroddi og vísi veginn með því að koma á skipulagi, sem veiti borgurunum aðgang að stafrænu innihaldi sjónvarpsstöðva grannríkjanna.

Skipulagið á að sjálfsögðu að koma til móts við rétthafa efnis svo þeir hljóti réttmæta greiðslu sína. Á móti munu þeir fá tækifæri til að ná til mun stærri markhóps á Norðurlöndunum öllum.

SKAM hefur sýnt að ungmenni á Norðurlöndum geta auðveldlega lært að skilja tungumál hvers annars og gert það að eigin frumkvæði. Lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum er ekki bara stafræn hindrun – það er hindrun fyrir gagnkvæman norrænan málskilning og menningarskipti. Norðurlandaráð ætti því að beina þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún fjarlægji þessa stjórnsýsluhindrun milli Norðurlandanna.

Stokkhólmi, 3. apríl 2017

*Axel Jonsson (ÅF)*  
*Bertel Haarder (V)*  
*Britt Lundberg (ÅC)*  
*Elsi Katainen (cent)*  
*Jan Lindholm (MP)*  
*Jenis av Rana (Mfl.)*  
*Katri Kulmuni (cent)*  
*Lars Tysklind (L)*

*Marcus Knuth (V)*  
*Mikael Staffas (Lib)*  
*Per-Olaf Lundteigen (Sp)*  
*Rigmor Andersen Eide (KrF)*  
*Ruth Vang (Framsókn)*  
*Sigurður Ingi Jóhannsson (F)*  
*Staffan Danielsson (C)*